Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins

Kynning fyrir borgarráð

30. október 2026





Fjárhagsáætlun 2027

Meginforsendur:

- Vísitala neysluverðs 2027 – áætluð hækkun 4% skv. forsendum Reykjavíkurborgar fyrir áætlun 2027.
- Þróun launa 2027 – áætluð hækkun 6,5% skv. forsendum Reykjavíkurborgar fyrir áætlun 2027.
- Fjölgun starfsmanna á aðgerðasviði til að undirbúa mönnun nýrrar slökkvistöðvar við Tónahvarf frestað um eitt ár, þ.e. engin fjölgun 2027. Færist aftur um eitt ár í langtímaáætlun, átta stöðugildi á árunum 2028 til 2030, samtals 24 nýir slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn.
- Áfram er gert ráð fyrir fjölga stöðugilda á forvarnasviði í samræmi við brunavarnaáætlun. Tvö stöðugildi 2027og tvö 2030.
- Gert er ráð fyrir að boðanir sjúkrabíla aukist í takt við fjölgun íbúa á svæðinu og verði um 41 þúsund og boðanir slökkvibíla verði um 1,4 þúsund líkt og undanfarin ár.

Óvissa í tengslum við fjárhagsáætlun

- Samningur SHS og Sjúkratrygginga Íslands rennur út í lok febrúar 2027, heimilt er að framlengja samninginn um þrjú ár með samþykki beggja aðila.
- Möguleg hækkun launakostnaðar 2027, umfram það sem áætlað er, í tengslum við launatöfluauka í kjarasamningum.

Fjárhagsáætlun 2027

Fjárhagsáætlun SHS samstæðu	Á-2026 áætlun	ÚT-2026 útkomuspá	Á-2027 áætlun	Breyting Á-26 til Á-27	Hlutfall Á-26 til Á-27	Hlutfall ÚT-26 til Á-27
Rekstrartekjur						
Eigendur vegna reksturs SHS	2.939.000	2.939.000	3.120.000	181.000	6,2%	6,2%
Eigendur vegna fjárfestinga SHS	128.000	128.000	144.000	16.000	12,5%	12,5%
Eigendur vegna almannavarna AHS	46.000	46.000	49.000	3.000	6,5%	6,5%
Tekjur frá eigendum alls:	3.113.000	3.113.000	3.313.000	200.000	6,4%	6,4%
Sjúkraflutningar	2.491.000	2.530.000	2.613.000	122.000	4,9%	3,3%
Forvarnasvið sértekjur	89.000	96.000	99.000	10.000	11,2%	3,1%
Sértekjur	90.000	90.000	93.000	3.000	3,3%	3,3%
SHS fasteignir	134.000	140.000	146.000	12.000	9,0%	4,3%
Aðrar tekjur alls:	2.804.000	2.856.000	2.951.000	147.000	5,2%	3,3%
Rekstrartekjur alls:	5.917.000	5.969.000	6.264.000	347.000	5,9%	4,9%
Rekstrargjöld						
Laun og launatengd gjöld	4.913.000	4.913.000	5.168.000	255.000	5,2%	5,2%
Annar rekstrarkostnaður	774.000	774.000	814.000	40.000	5,2%	5,2%
Rekstrargjöld alls:	5.687.000	5.687.000	5.982.000	295.000	5,2%	5,2%
Niðurstaða án afskrifta og fjármagnsliða	**230.000**	**282.000**	**282.000**	**52.000**		
Afskriftir	(230.000)	(230.000)	(265.000)	(35.000)		
Fjármagnsliðir	7.000	33.000	12.000	5.000		
Rekstrarniðurstaða	**7.000**	**85.000**	**29.000**	**22.000**		

Fjárhæðir í þús. kr.

Fjárhagsáætlun 2027 - tekjur

Fjárhagsáætlun SHS samstæðu	Á-2026 áætlun	ÚT-2026 útkomuspá	Á-2027 áætlun	Breyting Á-26 til Á-27	Hlutfall Á-26 til Á-27	Hlutfall ÚT-26 til Á-27
Rekstrartekjur						
Eigendur vegna reksturs SHS	2.939.000	2.939.000	3.120.000	181.000	6,2%	6,2%
Eigendur vegna fjárfestinga SHS	128.000	128.000	144.000	16.000	12,5%	12,5%
Eigendur vegna almannavarna AHS	46.000	46.000	49.000	3.000	6,5%	6,5%
Tekjur frá eigendum alls:	3.113.000	3.113.000	3.313.000	200.000	6,4%	6,4%
Sjúkraflutningar	2.491.000	2.530.000	2.613.000	122.000	4,9%	3,3%
Forvarnasvið sértekjur	89.000	96.000	99.000	10.000	11,2%	3,1%
Sértekjur	90.000	90.000	93.000	3.000	3,3%	3,3%
SHS fasteignir	134.000	140.000	146.000	12.000	9,0%	4,3%
Aðrar tekjur alls:	2.804.000	2.856.000	2.951.000	147.000	5,2%	3,3%
Rekstrartekjur alls:	**5.917.000**	**5.969.000**	**6.264.000**	**347.000**	**5,9%**	**4,9%**

Fjárhæðir í þús. kr.

Tekjur frá eigendum:

- Rekstrarframlagið hækki um 181 m.kr. (6,2%), þar af er um 181 m.kr. (6,2%) vegna hækkunar vísitalna og um 96 m.kr. (3,2%) vegna fjölgunar starfsmanna í samræmi við brunavarnaáætlun. Gert er ráð fyrir að framlag eigenda dekki ríflega helming af heildarkostnaði við fjölgun starfsmanna.
- Í stofnsamningi sem undirritaður var í júní 2024 var samþykkt að fjárfestingarframlagið tæki mið af raunkostnaði við búnað slökkviliðsins, sem væri núna um 208 m.kr. Lagt er til að hækkun á framlaginu verði tekin inn á allt að 5 árum og hækki því um 16 m.kr. 2027.
- Gert er ráð fyrir að framlag til almannavarna hækki í takt við áætlaða hækkun vísitölu launa.

Tekjur vegna sjúkraflutninga:

- Gert er ráð fyrir að tekjur af sjúkraflutningum hækki um 122 m.kr. (4,9%) miðað við áætlun 2026, þar af er um 4,6% vegna hækkunar verðlags.
- Miðað við framangreint dekka tekjur af sjúkraflutningum um 48% af heildarkostnaði SHS fyrir utan kostnað við forvarnasviðið og almannavarnir sem er sambærilegt við síðustu ár.
- Verð í samningnum eru verðtryggð miðað við launavísitölu (86%) og neysluvísitölu (14%) og taka breytingum 1. janúar ár hvert en miðað við vísitölur í nóvember árið á undan.
- Samningur um sjúkraflutninga við SÍ gildir til loka febrúar 2027 og heimilt er að framlengja um allt að 3 ár.

Aðrar tekjur:

- Gert er ráð fyrir að sértekjur hækki samtals um 13 m.kr. eða um 7,2% miðað við áætlun 2026.
- Gert er ráð fyrir að húsaleigutekjur SHS fasteigna ehf. hækki í takt við verðlag.

Fjárhagsáætlun 2027 – gjöld

Fjárhagsáætlun SHS samstæðu	Á-2026 áætlun	ÚT-2026 útkomuspá	Á-2027 áætlun	Breyting Á-26 til Á-27	Hlutfall Á-26 til Á-27	Hlutfall ÚT-26 til Á-27
Rekstrargjöld						
Laun og launatengd gjöld	4.913.000	4.913.000	5.168.000	255.000	5,2%	5,2%
Annar rekstrarkostnaður	774.000	774.000	814.000	40.000	5,2%	5,2%
Rekstrargjöld alls:	**5.687.000**	**5.687.000**	**5.982.000**	**295.000**	**5,2%**	**5,2%**

Fjárhæðir í þús. kr.



Annar rekstrarkostnaður:

- Annar rekstrarkostnaður SHS samanstendur af starfsmannakostnaði, rekstri og viðhaldi tækja, húsnæðiskostnaði og öðrum sameiginlegum kostnaði.
- Undir annan rekstrarkostnað falla stórir liðir sem annars vegar taka mið af launavísitölu (6,5%), s.s. ræsting, þjónusta 112, starfsmannatryggingar og þjónusta trúnaðarlæknis, og hins vegar liðir sem taka mið af neysluvísitölu (4%), s.s. vinnufatnaður, matarkostnaður, námskeið, hug- og tölvubúnaður.
- Gert er ráð fyrir að hækkun annars rekstrarkostnaðar vegna verðlagsbreytinga verði 40 m.kr. miðað við áætlun 2027 eða um 5,2%.

Fjárhagsáætlun 2027 – gjöld frh.

Heildarlaunakostnaður	Á-2026 áætlun	Á-2027 áætlun	Breyting Á-26 til Á-27	Hlutfall Á-26 til Á-27
Launakostnaður	4.913.000	4.913.000		
Fjölgun stöðugilda, 2 á forvarnasviði		35.000		
Reglubundin launakostnaður á verðlagi 2026	4.913.000	4.948.000	35.000	0,7%
Launahækkun áætluð				
Launaþróun 2027		76.000		1,5%
Launahækkun 2027 skv. gildandi kjarasamningi 1. apríl 2027		144.000		2,9%
Launaþróun og -hækkun samtals		220.000	220.000	4,5%
Laun als:	4.913.000	5.168.000	255.000	5,2%

Fjárhæðir í þús. kr.

Áætlun miðar við fjölgun skv. Brunavarnaáætlun og kjarasamningsbundnar hækkanir

Launakostnaður:

- Launakostnaður hækki samtals um 255 m.kr. eða um 5,2% miðað við áætlun 2026.
- Fjölgað eru um tvo starfsmenn á forvarnasviði í samræmi við samþykkta brunavarnaáætlun og langtímaáætlanir. Fjölgun vegna Tónahvarfs sem átti að koma 2027 er frestað og kemur inn á árunum 2028 til 2030.
- Kjarasamningsbundin hækkun 2027 er 3,5% en að lágmarki 23.750 kr. á grunnmánaðarlaun. Miðað við launasamsetningu SHS þýðir þetta um 3,9% hækkun launa að meðaltali 2027. Launahækkun tekur gildi 1. apríl 2027 og hækkar því launakostnað 2027 um 2,9%.
- Áætlunin gerir ráð fyrir að um fjórðungur varðliðsmanna fari upp um launaflokk og/eða fái hækkun persónuálags vegna starfsaldurs og aukinnar menntunar, sem hækkar heildarlaunakostnað um 76 m.kr. eða 1,5%.
- Áætlaður launakostnaður 2027 gerir ekki ráð fyrir að breyting verði vegna mögulegrar hækkunar í tengslum við launatöfluauka sem er ætlað að stuðla að því að þróun launakostnaðar starfsfólks á opinberum markaði haldi að jafnaði í við þróun launakostnaðar sambærilegra hópa á almennum markaði. Ef til hækkunar kemur vegna þess yrði það næst 1. september 2027, sbr. viðauka 4 við kjarasamning LSS.

Fjárhagsáætlun 2027 - fjárfestingar

Sjóðstreymi	Á-2026 áætlun	ÚT-2026 útkomuspá	Á-2027 áætlun
Rekstrarniðurstaða	7.000	85.000	11.000
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	230.000	230.000	265.000
Verðbætur og gengismunur	10.200	10.200	10.200
	247.200	325.200	286.200
Viðskiptakröfur - Brú lækkun (hækkun)	6.030	6.030	6.030
Aðrar skammtímakröfur lækkun (hækkun)	6.030	6.030	6.030
Handbært fé frá rekstri	259.260	331.230	292.230
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	(400.000)	(400.000)	(500.000)
Afborganir langtímalána	(19.000)	(19.000)	(21.000)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(159.740)	(87.770)	(228.770)
Handbært fé í byrjun árs	936.240	936.240	848.470
Handbært fé í lok árs	**776.500**	**848.470**	**619.700**

Fjárhæðir í þús. kr.

- Fjárhagsáætlun 2027 gerir ráð fyrir að fjárfest verði fyrir allt að 500 m.kr., þ.e.:
  - Áframhaldandi viðhald á húsnæði SHS samtals um 150-200 m.kr., þar vegur þyngst að ljúka endurbótum á húsnæðinu í Skógarhlíð vegna flutnings viðbragðsaðila aftur í húsið og að malbika plan á Skarhólabraut.
  - Reglubundin endurnýjun á ýmsum búnaði til slökkvistarfa, ásamt endurnýjun á tölvu- og hugbúnaði, 150-200 m.kr.
  - Tónahvarf, fyrsti áfangi, áætlaður kostnaður 150 m.kr. þ.e. undirbúningur, hönnun og gerð útboðsgagna.
- Gert er ráð fyrir að heildarfjármögnun á nýrri útkallsstöð við Tónahvarf verði í samræmi við samþykkta áætlun um húsnæðisuppbyggingu SHS til framtíðar, þ.e. með stofnframlagi eigenda, þar á meðal útlagður kostnaður SHS á árinu 2027 vegna hönnunar á stöðinni.

Íbúafjöldi á höfuðborgarsvæðinu

Hlutfallslegar breytingar milli ára	íbúar 2025	Íbúar 2026	breytingar fjöldi	breyting hlutfall	hlutfall 2026	hlutfall 2027	breytingar
Eigendur vegna slökkviliðs							
Reykjavík	138.772	139.804	1.032	0,77%	55,79%	55,57%	-0,22%
Kópavogur	40.040	40.286	246	0,64%	16,10%	16,01%	-0,08%
Hafnarfjörður	31.525	32.398	873	2,93%	12,67%	12,88%	0,20%
Garðabær	20.116	20.724	608	3,44%	8,09%	8,24%	0,15%
Mosfellsbær	13.715	13.772	57	0,45%	5,51%	5,47%	-0,04%
Seltjarnarnes	4.585	4.609	24	0,51%	1,84%	1,83%	-0,01%
	248.753	251.593	2.840	1,14%	100,00%	100,00%	

Íbúaþróun á höfuðborgarsvæðinu frá 1. janúar 2025 til 1. janúar 2026, m.v. sveitarfélagaskipan 1. janúar 2026

Framlög eigenda 2027

- Samkvæmt núgildandi stofnsamningi SHS er gert ráð fyrir að eigendur greiði framlög til rekstrar samkvæmt samþykktri fjárhagsáætlun og í hlutfalli við íbúatölur 1. janúar 2026.
- Hlutfallsleg skipting aðildarsveitarfélaganna breytist því frá áætlun 2026 til áætlunar 2027 í takt við íbúaþróun á svæðinu.

Fjölgun íbúa á milli ára

- Íbúum á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði um 2.840 á tímabilinu, eða rétt ríflega 1%.
- Fjölgun er mismikil eftir sveitarfélögum, mest í Garðabæ (3,4%) og Hafnarfirði (2,9%).



Greiðslur sveitarfélaga	Á-2026	Á-2027	Breytingar Á-26 til Á-27	Hlutfall
Heild				
Vegna reksturs SHS	2.939.000	3.120.000	181.000	6,2%
Vegna fjárfestinga SHS	128.000	144.000	16.000	12,5%
Vegna reksturs almannavarna AHS	46.000	49.000	3.000	6,5%
Alls:	3.113.000	3.313.000	200.000	6,4%
Sundurliðun á sveitarfélag				
Reykjavík	1.736.781	1.840.918	104.137	6,0%
Vegna reksturs SHS	1.639.582	1.733.707	94.125	5,7%
Vegna fjárfestinga SHS	71.407	80.017	8.610	12,1%
Vegna reksturs almannavarna AHS	25.792	27.194	1.402	5,4%
Kópavogur	501.084	530.480	29.396	5,9%
Vegna reksturs SHS	473.070	499.586	26.516	5,6%
Vegna fjárfestinga SHS	20.603	23.058	2.455	11,9%
Vegna reksturs almannavarna AHS	7.411	7.836	425	5,7%
Hafnarfjörður	394.456	426.612	32.156	8,2%
Vegna reksturs SHS	372.466	401.767	29.301	7,9%
Vegna fjárfestinga SHS	16.222	18.543	2.321	14,3%
Vegna reksturs almannavarna AHS	5.768	6.302	534	9,2%
Garðabær	251.617	272.890	21.274	8,5%
Vegna reksturs SHS	237.669	256.998	19.329	8,1%
Vegna fjárfestinga SHS	10.351	11.861	1.510	14,6%
Vegna reksturs almannavarna AHS	3.596	4.031	435	12,1%
Mosfellsbær	171.624	181.348	9.723	5,7%
Vegna reksturs SHS	162.042	170.786	8.745	5,4%
Vegna fjárfestinga SHS	7.057	7.882	825	11,7%
Vegna reksturs almannavarna AHS	2.525	2.679	154	6,1%
Seltjarnarnes	57.392	60.691	3.298	5,7%
Vegna reksturs SHS	54.171	57.156	2.985	5,5%
Vegna fjárfestinga SHS	2.359	2.638	279	11,8%
Vegna reksturs almannavarna AHS	861	897	35	4,1%
Kjósarhreppur	46	62	16	34,4%
Vegna reksturs almannavarna AHS	46	62	16	

Fjárhæðir í þús.kr.

Framlög eigenda 2027

Fjárhagsáætlun 2027 – 2031

Rekstur	Á-2027	Á-2028	Á-2029	Á-2030	Á-2031
		Á föstu verðlagi 2027			
Rekstrartekjur:	**áætlun**	**áætlun**	**áætlun**	**áætlun**	**áætlun**
Eigendur vegna reksturs SHS	3.120.000	3.233.000	3.346.000	3.495.000	3.495.000
Eigendur vegna fjárfestinga SHS	144.000	160.000	176.000	192.000	208.000
Eigendur vegna almannavarna AHS	49.000	49.000	49.000	49.000	49.000
Sjúkraflutningar	2.613.000	2.645.000	2.677.000	2.709.000	2.709.000
Aðrar tekjur	338.000	338.000	338.000	338.000	338.000
Rekstrartekjur samtals	**6.264.000**	**6.425.000**	**6.586.000**	**6.783.000**	**6.799.000**
Rekstargjöld:					
Laun og launatengd gjöld	5.168.000	5.308.000	5.448.000	5.623.000	5.623.000
Annar kostnaður	814.000	818.800	823.600	829.600	829.600
Rekstargjöld samtals	**5.982.000**	**6.126.800**	**6.271.600**	**6.452.600**	**6.452.600**
Niðurstaða án afskrifta og fjármagnsliða	282.000	298.200	314.400	330.400	346.400
Afskriftir	(265.000)	(281.000)	(292.000)	(308.000)	(324.000)
Fjármagnsliðir	12.000	6.000	1.000	1.000	1.000
Rekstrarniðurstaða	**29.000**	**23.200**	**23.400**	**23.400**	**23.400**

Fjárhæðir í þús. kr.


Sjóðstreymi	Á-2027	Á-2028	Á-2029	Á-2030	Á-2031
	áætlun	**áætlun**	**áætlun**	**áætlun**	**áætlun**
Rekstrarniðurstaða	29.000	23.200	23.400	23.400	23.400
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:					
Afskriftir	265.000	281.000	292.000	308.000	324.000
Verðbætur og gengismunur	10.200	10.200	8.200	8.200	8.200
	304.200	314.400	323.600	339.600	355.600
Viðskiptakröfur - Brú lækkun (hækkun)	6.030	6.030	6.030	6.030	6.030
Aðrar skammtímakröfur lækkun (hækkun)	6.030	6.030	6.030	6.030	6.030
Handbært fé frá rekstri	310.230	320.430	329.630	345.630	361.630
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	(500.000)	(400.000)	(400.000)	(400.000)	(400.000)
Afborganir langtímalána	(21.000)	(21.000)	(21.000)	(21.000)	(21.000)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(210.770)	(100.570)	(91.370)	(75.370)	(59.370)
Handbært fé í byrjun árs	848.470	637.700	537.130	445.760	370.390
Handbært fé í lok árs	**637.700**	**537.130**	**445.760**	**370.390**	**311.020**


Fjárhæðir í þús. kr.


- Áætlunin um framtíðaruppbyggingu SHS gerir ráð fyrir 10 ára framkvæmdartíma (2026-2035) og að í fyrsta áfanga verði reist ný útkallsstöð við Tónahvarf í Kópavogi, áætlað er að hún verði tekin í notkun 2030. Nánari útfærslur á framkvæmdum næstu áfanga er að finna í greinargerð starfshóps um húsnæðismál SHS, frá nóvember 2023 og í nýrri brunavarnaáætlun.
- Áætlunin gerir ráð fyrir fjölgun starfsmanna á tímabilinu 2028-2030 í samræmi við nýja brunavarnaáætlun, þ.e.:
  - Til að fullmanna nýja útkallsstöð við Tónahvarf, fjölgunin myndi koma inn í áföngum á tímabilinu, samtals 24 nýir starfsmenn.
  - Til að styrkja mönnun forvarnasviðs á tímabilinu, þ.e. tvö stöðugildi 2027 og tvö 2030.
- Langtímaáætlun gerir ráð fyrir að hækkun á fjárfestingarframlagi í samræmi við nýjan stofnsamning komi inn í allt að fimm áföngum, þ.e. 2027 til 2031.
- Áætlunin er á föstu verðlagi 2027 og er lögð fram með fyrirvara um fyrirhugaða fjölgun útkallsstöðva sem mun hafa áhrif á fjárhagsáætlun til lengri tíma, bæði hvað varðar reglulegan rekstrarkostnað og fjárfestingar.

2005 til 2015











Skarhólabraut 2015

2015 til 2022

HVAÐ ER HVH?

Höfuðstöðvar löggæslu- og viðbragðsaðila á höfuðborgarsvæðinu, HVH, verður miðstöð þeirra aðila sem gæta að lögum, reglu, björgun og öryggi almennings. Í miðstöðinni munu þessir aðilar fá nútímalega aðstöðu sem auðveldar til muna hina mikilvægu þjónustu og vernd sem veita þarf almenningi.

Ný björgunarmiðstöð ...

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík 6. október 2016

Minnisblað

Varðar: Rýni á mögulegri nýrri slökkvistöð í Jaðar/Jafnaseli í stað þeirrar stöðvar sem er í nú á Tunguhálsi.

Starfandi er nefnd á vegum SHS sem hefur það til athugunar á að finna nýja staðsetningu fyrir slökkvistöðina. Verið er að skoða eftirfarandi þrjá valkosti, sjá kort að neðan. Forsendur eru að lóðin þurfi að vera á bilinu 3.500-5.000 fm og fer allt eftir staðsetningu og formi lóðar.

A. Við Arnarnesveg, við Rjúpnaveg.
B. Í Vatnsendahvarfi, Tónahvarf 2. Lóð í iðnaðarhverfi sem búið er að skipuleggja.
C. Við Jaðarsel / Jafnasel í Reykjavík, á lóð þar sem þjónustumiðstöð Reykjavíkurborgar er nú með aðstöðu.



Í fundargerð fráfarandi stjórnar SHS, fundur 241 dags 20.05.22 er eftirfarandi bókað.

„Fráfarandi stjórn SHS beinir því til nýrrar stjórnar að ákvarðanir um staðsetningu og uppbyggingu nýrrar starfsstöðvar, sem bætir m.a. viðbragðstíma í efri byggðir Kópavogs, verði teknar sem fyrst. Nauðsynlegt er að bæta viðbragðstímann, eins og fram kemur í úttekt HMS, það styttist í framkvæmdir við Arnarnesveg og undirbúningur um nýja björgunarmiðstöð komnar vel af stað.“







Starfshópur stjórnar SHS 2022-23

- Gera tillögur að staðsetningu útkallseininga með tilliti til viðbragðstíma.
- Þarfagreining á aðstöðu og tillaga að staðsetningu á þjónustuverkstæði SHS
- Tillögur að forgangsröðun uppbyggingarverkefna
- Kostnaðarmat mismunandi valkosta
- Tillögur að fjármögnun og hugsanlegri sölu eigna
- Tillögur að framtíðarskipan fasteignarekstrar
- Tillögur um kaup eða leigu í HVH
- Tillögur að heildstæðri framkvæmda- og tímaáætlun

- Ámundi Brynjólfsson, skrifstofustjóri skrifstofu framkvæmda og viðhalds, Reykjavíkurborg, formaður.
- Ástríður Þórðardóttir, fjármálastjóri SHS.
- Birgir Finnsson, starfandi slökkviliðsstjóri SHS.
- Björn Axelsson, skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar.
- Kristín Egilsdóttir, sviðsstjóri fjármálasviðs Kópavogs.
- Sigurður Haraldsson, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs Hafnarfjarðar.
- Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri, kom í vinnu með hópnum í september 2023.
- Verkefnisstjóri var ráðinn Grímur M Jónasson frá VSÓ Ráðgjöf.




SHS - HÚSNÆÐISMÁL

Greinargerð starfshóps


Nóvember 2023

Uppbyggingarsvæði




SG - Dags: 29.9.2023

Núverandi stöðvar og gatnakerfi (2023)



Fimm stöðvar


- Skógarhlíð
- Skarhólabraut
- Skútahraun
- Tunguháls
- Tónahvarf



Tónahvarf – lóðin 15.10.26






Sex stöðvar
- Skógarhlíð
- Skarhólabraut
- Skútahraun
- Tunguháls
- Tónahvarf
- Ásbraut
Kjalarnes
Skarhólabraut
Skógarhlíð
Tunguháls
Tónahvarf
Skútahraun
Ásbraut
Ath. samsett mynd
Viðbragðstími
+ 2,5 mín
Slökkvistöðvar
Samsetning R
Aksturstími í 90% tilfella (mín)
< 7.5
7.5 til 10
10 til 12.5
12.5 til 15
15 til 20
> 20
Núverandi gatnakerfi
+Arnarnesvegur
+ Fossvogsbrú
SAMSÝN
Samsyn Ehf, Esri, HERE, Garmin, Foursquare, METI/NASA, USGS
SG - Dags: 3.10.2023

Sex stöðvar (með Sundabraut)

- BSÍ
- Skarhólabraut
- Skútahraun
- N-BMÍ
- Tónahvarf
- Ásbraut

